

HB Grandi hf.

Hluthafafundur 27. júlí 2018

Fundarstaður: Norðurgarði 1, Reykjavík

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1	Kjör tveggja stjórnarmanna	Stjórn			Sjálfkjörið
2	Tillaga til ályktunar vegna tilnefningarnefndar	Gildi	✓		Vísað til stjórnar til frekari meðferðar.

HB Grandi hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2018

Tillaga til ályktunar á hluthafafundi HB Granda hf. 27. júlí 2018 vegna tilnefningarnefndar


Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi, óskar hér með eftir því að eftirfarandi ályktunartillaga verði tekin til umfjöllunar undir liðnum „önnur mál“ á hluthafafundi HB Granda hf. sem til stendur að halda 27. júlí næstkomandi.

Gildi-lífeyrissjóður telur að það geti verið góður kostur að kanna þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Í því samhengi er þess vegna lagt til við hluthafafundinn að stjórn félagsins verði falinn undirbúningur að stofnun slíkrar nefndar og að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar hjá félaginu og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndina verði slík tillaga samþykkt. Gildi-lífeyrissjóður leggur því til eftirfarandi ályktun til umfjöllunar á hluthafafundinum:

„Hluthafafundur HB Granda hf. 27. júlí 2018 ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar við fyrsta tækifæri. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði tillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar við fyrsta tækifæri þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri heppilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri